



ORKUSTOFNUN

Tillaga um verkefna- og kostnaðaráætlun
hafssbotnsnefndar fyrir 1986

Karl Gunnarsson

Greinargerð KG-85-02

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1985-05-31

Greinargerð
KG-85/02
kg

TILLAGA UM VERKEFNA- OG KOSTNADARÁETLUN HAFSBOTNSNEFNDAR, FYRIR 1986.

Hafsbotsnefnd Iðnaðarráðuneytisins var skipuð með bréfi iðnaðarráðherra dags. 24. maí 1984. Starfssvið hennar er ráðgjöf um rannsóknir á orkulindum og hagnýtum jarðefnum á íslenska hafsbotninum. Nefndin var skipuð til tveggja ára. Í henni eru dr. Guðmundur Pálmason, Orkustofnun, formaður, dr. Gunnar G. Schram alþingismaður, dr. Jón Eiríksson, Raunvísindastofnun, Gunnar Bergsteinsson, Landhelgisgæslunni, og dr. Kjartan Thors, Hafrannsóknastofnun.

Nefndin sendir nú frá sér fjárlagatillögur fyrir annað starfsár sitt, 1986, sem eru í 5 meginliðum:

1. Kostnaður af starfi nefndarinnar
2. Verkefni Orkustofnunar
3. Könnun á áhuga erlendra aðilja á olíu- og gasleit við Ísland.
4. Rannsókn á lífrænum efnum í Tjörneslögum.
5. Tækjakaup.

1. Kostnaður af starfi nefndarinnar

Hér er um að ræða þóknun til nefndarmanna, samkvæmt ákvörðun "þóknunarnefndar fjármálaráðuneytisins", enn fremur ferðakostnað nefndarmanna vegna starfs þeirra. Þessi kostnaður er áætlaður kr. 350.000.

2. Verkefni Orkustofnunar

Þar sem mikil mælingaverkefni verða í gangi árið 1985, munu helstu verkefni 1986 verða framhald af framkvæmdum yfirstandandi árs. Þar skal fyrst nefna samvinnu Íslendinga og Norðmanna við setlagarannsóknir á Jan Mayen-hrygnum, en mælingar fara fram sumarið 1985. Á árinu 1986 þarf að taka þátt í tölvuvinnslu gagnanna hjá GEKO, mælingafyrirtækinu norska. Þá er gert ráð fyrir að nokkur frekari úrvinnsla og túlkun gagnanna verði gerð hér á landi. Kostnaður er áætlaður kr. 480.000.

Gert ráð fyrir að sams konar endurkastmælingar verði gerðar í sumar (1985) á hafsvæðinu kringum Flatey á Skjálfanda, og áætlaðar eru á Jan Mayen hrygnum. Úrvinnsla verður því svipaðs eðlis, en öll vinna við úrvinnslu og túlkun kemur í okkar hlut. Kostnaður er áætlaður kr. 1.500.000.

Á Orkustofnun hefur verið unnið að söfnun tölvutækra mæliqagna úr hafsbotsrannsóknum innan efnahagslögsögu landsins, og við uppsetningu forritakerfis til túlkunar slíkra gagna. Áætlað er að halda áfram þessu verki, og koma því á það stig að hægt sé að gera úttekt á gögnunum, einkum með tilliti til setlaga og vísbindinga um oliulíkur. Kostnaður er áætlaður kr. 340.000.

Áætlaður kostnaður við verkefni Orkustofnunar er því alls kr. 2.320.000, og innifalið í því er starf eins sérfræðings við stofnunina, ásamt aðkeyptri vinnu.

3. Könnun á áhuga erlendra aðilja á olíu- og gasleit við Ísland.

Unnið verður að því að kanna áhuga erlendra aðilja til að standa að og kosta olíuleit á íslensku yfirráðasvæði, og í þeim tilgangi verður haft samband við fyrirtæki og félög innan olíuindnaðarins. Kostnaðurer áætlaður kr. 500.000. Einnig verður haft í athugun hvort finna megi hagstæða rannsóknarkosti í samvinnu með erlendar rannsóknarstofnanir.

4. Rannsókn á lífrænum efnum í Tjörneslögum.

Meðan ekki er hægt að kanna neðri hluta setlaganna undir Flatey með djúpboran, eru óbeinar upplýsingar um gerð beirra dýrmætar. Svokölluð Tjörneslög eru e.t.v. hliðstæð að aldri og gerð, og bau má kanna á yfirborði. Lagt er til að sýni verði tekin úr þessum setlögum og rannsókuð með tilliti til lífrænna efna og annarra eiginleika, sem tengdir eru olíumyndun. Jón Eiríksson hjá Raunvísindastofnun HÍ mun taka verkið að sér, og gert er ráð fyrir að þessar mælingar megi gera við Háskólan. Kostnaður er áætlaður kr. 110.000.

5. Tækjakaup

Landhelgisgæslan hefur í tillögum sínum fyrir 1986 óskað eftir fjárveitingu til að kaupa dýptarmæli til notkunar á djúpslóð (allt að 5000 m dýpi), en slíkur mælir er ekki til í landinu. Tæki þetta getur komið að miklu gagni í hafsbotsrannsóknum, og hafsbotsnefnd Iðnaðarráðuneytisins vill því eindregið styðja beiðni Landhelgisgæslunnar um fjárveitingu til kaupa á því, en verðið er á bilinu kr. 1,0-1,5 milljónir.

SUNDURLIÐUD KOSTNAÐARÁÆTLUN FYRIR 1986

Upphæðir í kr.

1. Kostnaður við störf nefndar

| | |
|--|---------|
| Þóknun nefndarmanna og ferðakostnaður..... | 350.000 |
|--|---------|

2. Verkefni Orkustofnunar

2.1. Rannsóknir á Jan Mayen-hrygg; samvinna við Norðmenn.

| | |
|--|---------|
| 1) Vinna við eftirlit og úrvinnslu | 330.000 |
| 2) Ferðir til Noregs og uppihald | 150.000 |

| | |
|----------|---------|
| Samtals: | 480.000 |
|----------|---------|

2.2 Setlagamælingar á landgrunninu undan Norðurlandi.

| | |
|--|-----------|
| 1) Frumtölvuvinnsla (aðkeypt) | 1.100.000 |
| 2) Vinna við úrvinnslu og túlkun | 400.000 |

| | |
|----------|-----------|
| Samtals: | 1.500.000 |
|----------|-----------|

2.3. Tölvutækt gagna og forritasafn.

| | |
|-------------------------------------|---------|
| 1) Sérfræðivinna | 270.000 |
| 2) Aðdrættir og efniskostnaður..... | 70.000 |

| | | |
|----------|---------|-----------|
| Samtals: | 340.000 | 2.320.000 |
|----------|---------|-----------|

3. Könnun á áhuga erlendra aðilja til olíuleitar við Ísland

| | |
|---|---------|
| Kostnaður við ferðir og kynningarstarf..... | 500.000 |
|---|---------|

4. Rannsókn á lífrænu efni í Tjörneslöqum

| | |
|----------------------|--------|
| 1) Sýnataka | 50.000 |
| 2) Sýnamælingar..... | 60.000 |

| | | |
|----------|---------|---------|
| Samtals: | 110.000 | 110.000 |
|----------|---------|---------|

Alls: kr. 3.280.000
